

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Íbúaráð Miðborgar og Hlíða

**Sendandi:** Umhverfis- og skipulagssvið

---

***Erindi íbúa um umferðarmál í Hlíðunum (R20050290).***

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða þann 26. maí sl., var erindi íbúa dags 17. apríl 2020 um umferðarmál í Hlíðunum vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs. Tillagan snéri í megindráttum að því að akstursstefnu í Skaftahlíð milli Lönguhlíðar og Stakkahlíðar yrði breytt, á þann hátt að einstefna væri í götunni til vesturs í stað austurs.

Umhverfis- og skipulagssvið þakkar ábendinguna en telur ekki tímabært að breyta akstursstefnu að svo stöddu. Talsverðar breytingar eru fyrirhugaðar á Miklubraut á næstu árum og verður tillagan tekin til skoðunar í þeirri vinnu. Í því samhengi þarf að huga að umferðaröryggi á svæðinu og taka tillit til afkastagetu Lönguhlíðar.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs  
Þorsteinn R. Hermannsson  
samgöngustjóri